

Bára Stefánsdóttir

***Ársskýrsla Héraðsskjalasafns
Austfirðinga
2013***



Emelía Blöndal (f. 1897) um tvítugt á ljósmyndastofu Eyjólfssonar á Seyðisfirði. Hún lærði ljósmyndun hjá Sigríði Jensdóttur móðursystur sinni og síðari konu Eyjólfssonar um 1915 og vann á sömu stofu til 1924.

október 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stjórn og aðalfundur	3
Starfsfólk	4
Rekstur	5
Reglubundin starfsemi	6
Samskipti við sveitarfélög og stofnanir	7
Húsnæði, tölvur og búnaður	8
Ráðstefnur, fundir og námskeið	9
Sýningar, kynningar- og útgáfustarf	10
Ljósmyndasafn Austurlands	11
Verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda	12
Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar	13
Skrá yfir afhendingar á árinu 2013	

Forsíðumynd:

Fimleikasýning á lýðveldishátíð á Seyðisfirði 18. júní 1944. Úr safni Emelíu Blöndal.

Inngangur

Hrafnkell Lárusson lét af störfum sem forstöðumaður í mars 2013 og Bára Stefánsdóttir tók við þann 1. maí. Hún mætti á safnið í tvo daga í febrúar svo Hrafnkatli gæfist tækifæri til að koma henni inn í starfið áður en hann hætti.

Á árinu 2013 varð 39,5 millj. hagnaður af rekstri safnsins (1,1 millj. ef ekki er tekið tillit til söluhagnaðar Safnahúss). Það má því segja að núverandi forstöðumaður hafi tekið við góðu búi en jafnframt farið of varlega í að stofna til útgjalda á sínu fyrsta starfsári.

Skjalaafhendingar til safnsins á árinu 2013 voru alls 51, þar af voru sjö afhendingar frá skilaskyldum aðilum. Héraðsskjalasafnið á sér ýmsa fastagesti og velunnara sem færa safninu bæði skjöl og ljósmyndir úr einkaeigu.

Í maí hófst á ný skipuleg talning á gestum í safninu og fjölda erinda sem þangað berast. Einnig var byrjað að skrá tegundir og efni skjalabeidna. Gefa þessar upplýsingar gott yfirlit yfir þær margvíslegu fyrirspurnir sem starfsmenn safnsins fást við í sínu starfi auk þess sem Þjóðskjalasafn Íslands hefur kallað eftir slíkri tölfræði. Það hefur komið mér á óvart hversu margir leita til safnsins eftir aðstoð og eru það ekki einungis Austfirðingar.

Það er mikils virði að aðgengi að skjölum og öðrum upplýsingum sé í nærumhverfinu og þar kemur Héraðsskjalasafn Austfirðinga sterkt inn. Það eru ekki öll sveitarfélög sem búa svo vel að reka héraðsskjalasafn. Við skráningu skjala sem berast er nauðsynlegt að staðbundin þekking sé fyrir hendi hjá þeim sem meðhöndlar gögnin. Ennfremur verður við móttöku hvers nýs skjals eða skjalasafns til ný þekking sem mikilvægt er að halda utanum. Á árinu 2014 er þar af leiðandi stefnt að því að gera greinargerðir með öllum nýjum afhendingum sem berast.

Einn af kostum Héraðsskjalasafnsins er hversu fjölbreyttur safnkostur þess er. Þar er að finna opinber skjöl, gott fræðibóka- og tímaritasafn auk skjala- og ljósmynda frá einkaaðilum. Öll þessi gögn og sú þekking sem er fyrir hendi hjá starfsfólki gefur safninu ótvírætt sögulegt- og menningarlegt gildi fyrir fjórðunginn.

Árið 2013 var fyrsta starfsár mitt sem forstöðukona Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Fyrstu mánuðir mínir í starfi hafa verið lærdómsríkir og samskipti við starfsfólk og stjórn safnsins hafa verið ánægjuleg.

Bára Stefánsdóttir

Stjórn og aðalfundur

Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga var haldinn á Egilsstöðum þann 21. nóvember 2013. Fundinn sóttu fulltrúar aðildarsveitarfélaganna, auk stjórnar og núverandi og fyrrverandi forstöðumanns.

Eftirtaldir voru fulltrúar aðildarsveitarfélaga Héraðsskjalasafnsins á aðalfundinum:

Borgarfjarðarhreppur:	Jón Þórðarson
Breiðdalshreppur:	Páll Baldursson
Djúpavogshreppur:	Gauti Jóhannesson
Fjarðabyggð:	Sigrún Júlía Geirsdóttir
Fljótsdalshérað:	Björn Ingimarsson
Fljótsdalshreppur:	Sigmar Ingason
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Vilhjálmur Jónsson
Vopnafjarðarhreppur:	Sigríður Bragadóttir

Skipan stjórnar var óbreytt frá fyrra ári en núverandi stjórn og varastjórn eru skipaðar til hausts 2014. Í stjórn og varastjórn sitja eftirtaldir:

Fjarðabyggð: Pétur Sörensson (aðalmaður), Gunnlaugur Sverrisson (til vara).

Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur:

Ragnhildur Rós Indriðadóttir (aðalmaður), Sigmar Ingason (til vara).

Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur: Ólafur B. Valgeirsson (aðalmaður), Páll Baldursson (til vara).

Formaður stjórnar er Ólafur B. Valgeirsson.

Sjö stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2013: 23. og 30. janúar, 6. febrúar, 4. október, 23. október, 21. nóvember og 9. desember. Þar af voru fjórir símafundir.

Fundargerð aðalfundar og stjórnarfunda ársins er að finna aftar í þessari ársskýrslu og á vef safnsins: www.heraust.is.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Héraðsskjalasafnsins voru þrír. Arndís Þorvaldsdóttir var í 20% starfi frá janúar-apríl og frá september-deseember. Bára Stefánsdóttir var í 100% starfi og Magnhildur Björnsdóttir var í 75% starfi. Hrafnkell Lárusson lét af störfum sem forstöðumaður 31. mars 2014 og Bára tók við þann 1. maí.

Verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda hélt áfram á árinu. Við það unnu Jóhanna Ingibjörg Sveinsdóttir í 50% starfi allt árið og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir í 100% starfi í janúar-apríl og október-deseember. Fastir starfsmenn skjalasafnsins koma einnig að ljósmyndaverkefninu á ýmsan hátt.



Starfsfólk Héraðsskjalasafns Austfirðinga í lok árs 2013. Frá vinstri: Magnhildur Björnsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir, Bára Stefánsdóttir, Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir og Arndís Þorvaldsdóttir.

Jóhanna Hafliðadóttur, forstöðukonu Bókasafns Héraðsbúa, hafði vinnuástöðu á safninu fyrir hádegi vegna skráningar á skjölum Fljótsdalshéraðs og umsjónar með heimasíðu sveitarfélagsins.

Í október var starfsmannafundur þar sem rætt var um starfsemina, áherslur og verkefni framundan. Auk þess var starfsfólkið beðið um að koma með ábendingar og óskir um nauðsynlegan búnað á komandi ári. Starfsmenn hafa með sér verkaskiptingu en góð samvinna er í hávegum höfð.

Rekstur

Framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins voru alls 17,5 millj. á árinu 2013. Önnur rekstrarframlög (framlag frá ríkinu og framlög Minjasafns Austurlands og Austurbrúar til Ljósmyndasafns Austurlands) voru 1,9 millj. Styrkir og aðrar tekjur voru 8 millj.

Rekstrartekjur ársins 2013 námu 65,9 millj., þar af var söluhagnaður Safnahúss 38,4 millj. Tekjur af hefðbundnum rekstri voru 27,4 millj en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 20,9 millj. Mismunurinn liggur helst í framlagi íslenska ríkisins (5 millj.), UÍA (800 þús.), Fljótsdalshéraðs (750 þús.) og Fljótsdalshrepps (750 þús.) til ljósmyndaverkefnis. Tekjur vegna skjalaskráningarverkefna voru hins vegar heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 376 þús. í stað 1 millj.

Rekstrargjöld ársins 2013 námu 26,5 millj. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 20,9 millj. Laun og launatengd gjöld voru 15 millj. sem er um 3,1 millj. hærra en gert var ráð fyrir. Þar vegur mest til hækkunar launakostnaður vegna ljósmyndaverkefnisins (sem tekjur komu á móti). Hins vegar var enginn forstöðumaður á launum í apríl. Rekstur húsnæðis var 1,6 millj. sem er svipað og gert var ráð fyrir í áætlun. Framlög safnsins til bókasafns Halldórs og Önnu Guðnýjar og til skjalasafnsins í Neskaupstað voru alls 3,4 millj. Annar rekstrarkostnaður var 5,4 millj. en áætlun hljóðaði upp á 2,9 millj. Mismuninn má rekja til kostnaðar vegna ljósmyndaverkefnis.

Niðurstaða rekstrarreiknings Héraðsskjalasafns Austfirðinga fyrir árið 2013 er því að hagnaður varð á rekstrinum alls að upphæð 39,5 millj. (1,1 millj. ef ekki er tekið tillit til söluhagnaðar Safnahúss) en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staðan væri á núlli við áramót. Á árinu 2013 stóðu til ýmsar breytingar á tölvukerfi Héraðsskjalasafns sem náðist ekki að framkvæma fyrr en í upphafi ársins 2014. Áætlaður kostnaður vegna þeirra færist því á árið 2014.

Handbært fé safnsins hækkaði um 3,5 millj. milli árána 2012 og 2013, var 1,7 millj. í árslok 2012 en 5,2 millj. í lok árs 2013.

Nánari upplýsingar um rekstur Héraðsskjalasafns Austfirðinga bs. má finna í ársreikningi þess.

Reglubundin starfsemi

Opnunartími var óbreyttur frá fyrra ári: mánudaga til fimmtudaga kl. 12-16.

Lögbundið hlutverk Héraðsskjalasafns Austfirðinga er að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélaga og stofnana þeirra, skrá skjölin og varðveita þau á viðurkenndan hátt. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og ljósmyndum einstaklinga eða skjölum félaga og fyrirtækja. Að slíku efni er jafnan mikill fengur þar sem einkaskjöl innihalda oft upplýsingar um samfélög liðins tíma sem ekki er að finna annarsstaðar.

Skjalaafhendingar til safnsins á árinu 2013 voru alls 51. Þær voru misjafnlega stórar allt frá einni ljósmynd eða skjali upp í 24 myndaalbúm eða 12 skjalakassa. Af þeim voru 32 pappír afhendingar (skjöl, gjörðabækur, handrit, kort, niðjatöl ofl.), 12 ljósmyndaafhendingar, 3 afhendingar á hljóð- og hreyfimyndaefni, 1 rafræn afhending og 3 afhendingar af blönduðu efni. Um var að ræða 7 afhendingar frá skilaskyldum aðilum, 8 afhendingar frá félögum eða samtökum, 8 afhendingar frá fyrirtækjum og 28 afhendingar frá einstaklingum. Í langflestum tilvikum kom það í hlut starfsmanna safnsins að ganga frá viðkomandi skjölum í viðurkenndar umbúðir og skrá efnið í skjalaskrá safnsins.



Dæmi um svokallaða „skjalahrúgu“ sem barst til safnsins á árinu, eða skjöl sem koma óflokkuð til safnsins í ýmsum umbúðum.

Samskipti við sveitarfélög og stofnanir

Skjalastjórn og skjalavarsla eru mikilvægir þættir í góðri stjórnsýslu, réttindum borgaranna og aðgengi þeirra að skjölum um eigin mál í samræmi við Upplýsingalög nr. 59/1996 og Stjórnsýslulög nr. 37/1993. Héraðsskjalasöfn gegna veigamiklu hlutverki í þessu sambandi, meðal annars með því að vera ráðgefandi aðili um góða skjalastjórn. Regluleg samskipti við aðildarsveitarfélög safnsins og stofnanar á þeirra vegum eru mikilvæg fyrir bæði Héraðsskjalasafnið og sveitarfélögin.

Á árinu var lokið umsamdri vinnu við skráningu og frágang á skjölum Búnaðarsambands Austurlands sem voru afhent til safnsins á árinu 2012. Samið var um tveggja mánaða vinnu við skráningu skjalanna sem skiptust á milli árána 2012 og 2013. Allnokkuð úr þeirri afhendingu er enn óskráð og verður að bíða betri tíma.

<i>Síðasta skjalaafhending aðildarsveitarfélaga</i>	<i>ár</i>
Borgarfjarðarhreppur	2009
Breiðdalshreppur	2012
Djúpavogshreppur	2012
Fljótsdalshérað	2013
Fljótsdalshreppur	2012
Fjarðabyggð	2010
Seyðisfjarðarhreppur	2011
Vopnafjarðarhreppur	1983

Nær öll sveitarfélögin hafa afhent skjöl til safnsins á síðustu árum en langt er frá síðustu sendingu frá Vopnafjarðarhreppi. Skjöl á að afhenda til Héraðsskjalasafns 30 árum eftir að þau eru mynduð eða verða til.

Gestir og fyrirspurnir/erindi

Í maí hófst skráning á öllum gestum, erindum og fyrirspurnum sem bárust til safnsins. Er það nokkuð ítarlegri skráning en verið hefur. Frá maí-deseember 2013 leituðu 482 einstaklingar til skjalasafnsins. Skiptust þeir þannig:

<i>Gestir og fyrirspurnir/erindi (maí-deseember 2013)</i>	<i>fjöldi</i>
Einstaklingar/háskólanemar	416
Opinberar stofnanir	46
Fyrirtæki	11
Félagasamtök	9
samtals:	482

Þar af komu 350 aðilar á safnið sjálf, önnur erindi bárust gegnum síma, með pósti eða tölvupósti. Hver safngestur/viðskiptavinur fékk úrlausn á ýmsum málum (sumir fleiri en einu) sem skiptist þannig:

<i>Tegundir fyrirspurna/ erinda</i>	<i> fjöldi</i>
Lestrarsalur	110
Bókasafn	91
Upplýsingaleit almennt	90
Ljósmyndir	66
Leit að skjölum	54
Ljósritun	52
Manntöl og kirkjubækur (lesvél)	25
Skjalaafhending	25
Skönnun	14
Ráðgjöf um skjalamál	7
Kvikmynda- og hljóðefni	5

Athyglivert er hversu víða af landinu fyrirspurnir/erindi koma:

<i>Heimili/ aðsetur gesta/ fyrirspyrjenda</i>	<i> fjöldi</i>
Austurland	320
Höfuðborgarsvæðið	69
Óþekkt aðsetur	58
Erlendir gestir/Vestur-Íslendingar	11
Norðurland	5
Vesturland	5
Suðurland og Reykjanes	4

Húsnæði, tölvur og búnaður

Fjargeymsla safnsins í húsnæði Arion banka var eins og áður nýtt undir óskráð skjöl og aukabækur. Þar er enn nokkuð rými ónotað sem kemur sér vel en búast má við að nærgeymslan fyllist á árinu 2015.

Í lok árs 2013 var keyptur nýr netþjónn fyrir safnið og ný útgáfa af skjalaskráningarforriti. Einnig voru fest kaup á diskastöð til að varðveita skannaðar ljósmyndir og skráningarupplýsingar um þær.

Nokkur hreyfing komst á málefni Safnahússins á árinu. Í sumar þurftu forstöðumenn í húsinu að bregðast við vatnsleka í skjalageymslu og við rafmagnstöflu. Vegna þessara bráðaviðgerða og ítrekaðra viðgerða á raka- og loftræstikerfi fékkst 144 þús. kr. viðbótarframlag frá aðildarsveitarfélögum safnsins í desember.

Forstöðumenn safnanna þriggja í Safnahúsi forgangsroðuðu nauðsynlegum viðhalds- og öryggisverkefnum í húsinu á árin 2014-2019. Var sú áætlun lögð fyrir stjórn og aðildarsveitarfélög og samþykkt á aðalfundi Héraðsskjalasafns í nóvember.

Á aðalfundinum var samþykkt að fela stjórn safnsins að boða til aukaáðalfundar í byrjun árs 2014 í framhaldi af samráðsfundi fulltrúa sveitarfélaganna þar sem tekin yrði afstaða til breytts eignarhalds á Safnahúsinu. Var samráðsfundurinn haldinn 11. desember 2013 þar sem Fljótsdalshérað lagði fram áætlun um að kaupa hlut annarra sveitarfélaga í Safnahúsinu.

Ráðstefnur, fundir og námskeið

Forstöðumaður sótti fund Þjóðskjalasafns Íslands með héraðsskjalavörðum í Reykjavík 12. apríl 2013. Eftirtalin mál voru kynnt af fulltrúum ÞÍ á fundinum; samskrá yfir einkaskjalasöfn (samstarfsverkefni ÞÍ og héraðsskjalavarða), drög að skýrslu um eftirlitsheimsóknir á héraðsskjalasöfn, tillaga að söfnun tölfraeðiupplýsinga hjá héraðsskjalasöfnum, kynning á frumvarpi til laga um opinber skjalasöfn, tillaga að stofnun samráðshóps ÞÍ og héraðsskjalasafna, sameiginleg rafræn skjalaskrá, endurnýjun manntalsvefs og skráning sóknarmanntala. Fulltrúar héraðsskjalavarða kynntu eftirtalin átaksverkefni á fundinum; söfnun skjala íþróttafélaga á héraðsskjalasöfnum, ljósmynda-verkefni þriggja héraðsskjalasafna.

Forstöðumaður sat aðalfund Austfirskrar upplýsingar (bókasafna á Austurlandi) sem var haldinn 19. apríl 2013 í Bókasafni Héraðsbúa. Haustfundurinn var 20. september en samhliða honum var boðið upp á tvö námskeið. Annars vegar rafbókanámskeið Óskars Þórs Þráinssonar sem var á vegum Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða. Hins vegar námskeið á vegum Landskerfis bókasafna um vefinn leitir.is sem veitir upplýsingar um bækur, hljóðbækur, rafbækur, tímarit, tímaritsgreinar, ljósmyndir, myndefni, tónlist, hljóðrit, nótur, skýrslur og lokaverkefni háskólanema í eigu íslenskra bókasafns. Bára sat bæði námskeiðin og Magnhildur námskeið um leitir.is.

Árleg ráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi var haldin í Kópavogi dagana 23. og 24. september 2013. Meðal annars var fjallað um skráningu skjalasafna, brunabótavirðingar og skjöl byggingarfulltrúa, tölfraeði og rafræna langtímavöslu. Bára Stefánsdóttir og Magnhildur Björnsdóttir voru fulltrúar Héraðsskjalasafnsins á fundinum.



Þátttakendur á ráðstefnu héraðsskjalavarða í Kópavogi, september 2013.

Farskóli Félags íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) var haldinn í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík 25.-27. september. Bára sat farskólann en þema hans var sýningar. Ýmis áhugaverð erindi voru á dagskrá, meðal annars var fjallað um Sarp sem varðveitir upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti og örnefnalýsingar í eigu íslenskra safna. Vefurinn sarpur.is var opnaður formlega á fundinum. Auk þess var boðið upp á skipulagðar sýningarferðir til fjölbreyttra safna á höfuðborgarsvæðinu.

Sýningar, kynningar- og útgáfustarf

Sýningarrými Héraðsskjalasafns er anddyri jarðhæðar í Safnahúsinu. Þar voru settar upp tvær myndasýningar á árinu 2013. Í júní setti Sólveig Björnsdóttur í Laufási, í samstarfi við Minjasafn Austurlands, upp ljósmyndir af nátttröllum í Hjaltastaðarþinghá og víðar. Magnhildur Björnsdóttir tók saman upplýsingar um tröllasögur og örnefni á Austurlandi og var kverið látið liggja frammi á sýningunni. Í tilefni af *Dögum myrkurs* á Austurlandi í nóvember stóð Héraðsskjalasafnið fyrir tveimur viðburðum, annars vegar ljósmyndasýningu og hins vegar kvikmyndasýningu.

Fimmtudaginn 7. nóvember var opnuð sýning á myndum Guðna Þórðarsonar blaðamanns og ferðamálafrömuðar. Guðni mun hafa tekið myndirnar um miðjan 6. áratug síðustu aldar á fjórum þéttbýlisstöðum á Austurlandi; Höfn, Djúpvaggi, Neskaupstað og Seyðisfirði. Fólkið á myndunum var mikið til óþekkt en með hjálp safngesta og velunnara skjalasafnsins náðist að fá upplýsingar um nær allar myndirnar. Myndirnar eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

Kvikmyndin *Austurland* eftir Eðvarð Sigurgeirsson var sýnd bæði í Hlymsdölum og í Sláturhúsinu. Myndin var tekin á árunum 1960-1966 af bæjum, kauptúnum, fólki, atvinnulífi og staðhátum á Austurlandi. Aukaefni var *Á breindýraslóðum*, mynd gerð á árunum 1939-1944 af leiðangri í Kringilsárrana. Mæting var framfar vonum en 100 manns horfðu á kvikmyndasýningarnar.

Í desember sótti forstöðumaður um styrk til Menningarráðs Austurlands til að sýna kvikmyndina víðar á Austurlandi. Höfnunarbréf barst eftir áramótin.

Norræni skjaladagurinn var laugardaginn 9. nóvember. Þema hans var *Fjárjóðir úr förum skjalasafnanna* sem vísar til þess að í skjalasöfnunum eru merkilegar heimildir um sögu landsins og mannlíf. Héraðsskjalasafnið var ekki opið þennan dag er framlag þess til dagsins var sett á vefinn skjaladagur.is sem er haldið úti af Þjóðskjalasafni Íslands. Fyrir valinu varð kvikmyndin *Austurland* og gjafabréf frá Austfirðingafélaginu á Akureyri sem fylgdi myndinni þegar hún var afhent Múlasýslum til eignar.

Árleg Bókavaka Safnahússins fór fram fimmtudaginn 5. desember. Að venju var áherslan á austfirsku útgáfu og bækur eftir höfunda sem búsettir eru í fjórðungnum. Nokkur ljóðskáld mættu og lásu úr bókum sínum en aðrir lesarar sáu um þá sem sáu sér ekki fært

að mæta. Útgáfa ársins var gróskumikil, bæði hvað varðar bókmenntir og fræðirit. Ekki var lesið upp úr öllum bókum en útgáfuritirn voru kynnt og höfð til sýnis. Jóhanna Hafliðadóttir og Arndís Þorvaldsdóttir höfðu umsjón með bókavökunni en framlag annars stafsfolk í Safnahúsi var upplestur og uppröðun í anddyri.

Í ágúst ritaði Bára texta um forstöðumannaskipti á Héraðsskjalasafninu og veitti upplýsingar um störf og reynslu nýs héraðsskjalavarðar. Var þetta gert að beiðni Þjóðskjalasafns Íslands og Félags héraðsskjalavarða á Íslands. Um þetta birtist grein á [vef héraðsskjalavarða](#) og í tímaritinu *Nordisk arkivmyt*.

Á árinu var viðhaldið þeirri venju að birta í *Austurglugganum* óþekktar myndir úr safni Ljósmyndasafns Austurlands. Þessar myndbirtingar vekja jafnan nokkra athygli og hafa fengist upplýsingar um vel flestar þær myndir sem þannig hafa verið birtar.

Sem fyrr var leitast við að nota vef Héraðsskjalasafnsins til að miðla upplýsingum um starfsemina. Ein ljósmyndasýning birtist á vefnum [heraust.is](#) á árinu. Í júlí var sett inn 30 mynda syrpa af fólki og atburðum á *Ormsteiti* á ýmsum tímum. Var myndefnið valið í tilefni af því að í ágúst var bæjarhátíðin haldin í 20. sinn á Fljótsdalshéraði. Ekki hefur gefist tími til að uppfæra viðmót vefsins sem er orðið tímabært.

Arndís sýndi ljósmyndir á skjá í sal eldri borgara í Hlymsdölum fyrsta þriðjudag í mánuði yfir vetrartímam. Eru það bæði þekktar og óþekktar myndir sem gjarnan berast upplýsingar um.

Jóla kort ársins 2013 var helgað Einari Braga. Arndís skrifaði textann í samráði við eftirlifandi börn hans og Héraðsprent sá um hönnun og umbrot en upplag var 300 eintök. Einar Bragi Sigurðsson fæddist á Eskifirði 7. apríl 1921. Eftir hann liggja meðal annars níu fræðibækur um sögu Austurlands. Má þar nefna *Eskju*, fimm binda ritröð um sögu Eskifjarðar sem kom út á árunum 1971-1986.

Ljósmyndasafn Austurlands

Ýmsar merkilegar myndir eru í eigu Ljósmyndasafns Austurlands hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga. Myndasöfnin spanna allt frá mannamyndum teknum fyrir aldamótin 1900 til fréttu- og íþróttamynda frá síðari helmingi 20. aldar. Elstu myndirnar eru eftir Danann Johan Holm-Hansen sem kom til Íslands sumarið 1866, dvaldi fram á haust 1867 og tók meðal annars myndir á Austurlandi. Ljósmyndasafnið á fimm ljósmyndir sem voru teknar í þessari ferð, svo vitað sé. Ein þeirra er af Margréti Sigurðardóttir konu séra Jóns Jónssonar á Stafafelli í Lóni. Margrét fæddist á Hallormsstað árið 1843, giftist 1880 og dó 1899. Svo skemmtilega vill til að Ljósmyndasafnið á aðra mynd af Margréti sem var tekin hjá Eyjólf Jónssyni á Seyðisfirði en hann opnaði ljósmyndastofu vorið 1893. Verður að teljast merkilegt að til séu tvær myndir af konu sem var uppi á þessum tíma.



Margrét Sigurðardóttir.
Ljós. Johan Holm-Hansen.
Ljósmyndasafn Austurlands.



Margrét Sigurðardóttir.
Ljós. Eyjólfur Jónsson.
Ljósmyndasafn Austurlands.

Verkefni við skönnun og skráningu ljósmynda

Í janúar 2013 var endurnýjaður samstarfssamningur milli Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Skagfirðinga um skönnun og skráningu ljósmynda í eigu ofangreindra safna. Eitt markmið verkefnisins er að gera myndefnið aðgengilegt á ljósmyndavef. Meginfjárveiting til verkefnisins kom af fjárlögum (15 millj. sem skiptust jafnt milli safnanna) en einnig fengu söfnin fjárstuðning á sínu heimasvæði. Í tilfalli Héraðsskjalasafns Austfirðinga fékkst styrkur frá Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshrepp og Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands (UÍA).

Í september 2013 skiluðu söfnin sameiginlegri áfangaskýrslu um ljósmyndaverkefnið til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Þjóðskjalasafns Íslands. Í skýrslunni koma fram upplýsingar um framvindu verkefnisins og tæknileg atriði. Ennfremur var sameiginleg verk- og kostnaðaráætlun send til sömu aðila.

Á árinu 2013 voru skannaðar 15.340 myndir og 11.691 þeirra mynda voru skráðar. Samtals er búið að skanna 58.368 myndir og skrá 52.733 myndir frá því að verkefnið hófst árið 2011. Tæknileg vandamál urðu til þess að ekki var unnt að opna tilraunaútgáfa af ljósmyndavef fyrr en í desember 2013. Vefurinn var opnaður formlega á árinu 2014.

Óskað var eftir áframhaldandi fjárveitingu á fjárlögum ársins 2014, sem fékkst, en svar barst ekki fyrr en eftir áramót.

Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar

Árið 2013 bættust 95 titlar við Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar. Um er að ræða bækur sem keyptar voru af rekstrarfé safnsins (sbr. framlög skv. stofnsamningi Héraðsskjalasafns) en einnig berast safninu ýmsar bókagjafir. Aðfangalistann má sjá á [vefsíðu safnsins](#). Hægt er að leita að öllum bókakosti safnsins á vefjunum [gegdir.is](#) og [leitir.is](#). Heildarfjöldi titla í lok árs 2013 var 11.042. Af sumum ritum eru til fleiri en eitt eintak.

Á árinu voru lánaðar út 135 bækur en ýmsar bækur eru ekki til útláns og eru afnot af þeim á lestrarsal. Auk þess nýtist bókakosturinn starfsfólki Héraðsskjalasafnsins afar vel í daglegum störfum, t.d. við skráningu og sýningagerð en þó einkum við að svara erindum safngesta og þeirra sem senda fyrirspurnir í síma eða með tölvupósti.

Héraðsskjalasafnið hefur markað sér þá stefnu að einskorða innkaup við fræðilegt efni og austfirsku útgáfu, en láta almenningsbókasöfnunum eftir fagurbókmenntirnar. Bókasafn Halldórs og Önnu Guðnýjar hefur því á undanförunum árum verið byggt upp sem rannsóknarbókasafn með bæði annarskonar og sérhæfðari safnkost en almenningsbókasöfnin. Gott samstarf er við almenningsbókasöfn á svæðinu og þegar óskir berast þar um eru bækur frá Héraðsskjalasafninu sendar í millisafnalán og nýtast þær þannig notendum um allt Austurland.